

## Ráðgjöf fyrir alla nemendur

Ráðgjöfin stendur öllum nemendum til boða og ekki þarf að vera fyrir hendi vandamál eða vanlíðan til að fara í viðtal.

Ef nemendur langar til að ræða við einhvern um daginn og veginn eða vonir sínar og væntingar í lífinu þá er um að gera að panta tíma.

Ráðgjafinn getur líka boðað nemendur til viðtals og ekki þarf að vera nein sérstök ástæða fyrir boðuninni.

Nemendur geta komið einir eða með öðrum nemendum til viðtals.

## Viðtöl við foreldra

Foreldrar/forráðamenn eru velkomnir í viðtöl til ráðgjafans.



## Opnir viðtalstímar

**Símatími: Eftir samkomulagi.**

**Bókun viðtala**

**460 9550 ritari**

**460 9565 námsráðgjafi**

**thl@akmennt.is**



**Hægt er að bóka viðtal hjá námsráðgjafanum með því að hafa samband beint við hann eða ritara skólans. Auk þess er hægt að hafa samband með tölvupósti vegna viðtalstíma eða annarra erinda.**

**Staðsetning skrifstofu námsráðgjafa er við hliðina á skólahjúkrun á gangi við íþróttasal.**

## Trúnaður

Ráðgjafinn er bundinn algjörri þagnarskyldu varðandi allar upplýsingar sem hann fær um mál einstakra nemenda eða nemendahópa.




ODDEYRARSKÓLI



# ODDEYRARSKÓLI



## *Náms- og starfsráðgjöf*



**Hugsum í útkomum og sköpum okkar eigin framtíð.**

## Almennt um náms- og starfsráðgjöfina

- Púriður Lilja Rósenbergsdóttir sinnir náms- og starfsráðgjöf í 50% starfi og kennslu í 50% starfi.
- Ráðgjafinn býður upp á viðtöl við nemendur/nemendahópa og foreldra/ forráðamenn.
- Ráðgjafinn mun einnig fara í heim-sóknir í bekki og fjalla um ýmis mál sem tengjast námi, lífsvenjum og frístundum nemenda.
- Fastir tímar eru í kennslu í náms og starfsfræðslu hjá elstu nemendum en að sjálfsgöðu geta allir nemendur leitað eftir aðstoð og leiðbeiningum.
- Námsráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð sem hjálp og stuðningur til að auka sjálfstæði og sjálfsvitund nemenda.
- Námsráðgjafinn leitast við að benda á leiðir en lætur ráðþegann yfirleitt um að velja hverja hann velur.



## Helstu verkefni námsráðgjafans

- Veitir ráðgjöf varðandi nám, námstækni og námsvenjur.
- Stendur vörð um velferð nemenda og er trúnaðarmaður og málsvari þeirra.
- Stuðlar að auknum skilningi nemenda á eigin stöðu þannig að þeir geti betur metið hvaða nám og/eða starf hentar þeim.
- Aðstoðar nemendur við að gera sér grein fyrir áhugasviðum og hvetur þá til sjálfsábyrgðar og stefnufestu.
- Safnar og miðlar upplýsingum um nám og störf.
- Undirbýr nemendur undir flutning milli skóla/ skólastiga.
- Veitir nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum í námi.
- Hjálpar nemendum við að leita sér aðstoðar innan og utan skólans.
- Er tengiliður forvarnarfulltrúa og sinnir í samstarfi við annað fagfólk fræðslu vegna vímuefna og annarra vágesta sem gætu raskað lífi nemenda.



## Hvenær gæti ég leitað til námsráðgjafans

- Mér líður svo vel að ég má til með að tala um það við einhvern.
- Ég vil gjarnan ræða framtíðardrauma mína við aðra.
- Ég vil vita meira um hvaða nám er í boði í framhaldsskólunum.
- Mér finnst ég mjög dugleg(ur) en hef það stundum á tilfinningunni að ég geri ekki nóg.
- Heimanámið gengur yfirleitt vel en stundum finnst mér eins og það taki of langan tíma.
- Ég vil ekki reykja eða neyta annarra ávana og fíkniefna en mér finnst svo erfitt að segja nei við félagana.
- Ég veit að ég hef hæfileika á ýmsum sviðum en mér finnst eins og þeir fái ekki að njóta sín.
- Foreldrar mínir vilja allt fyrir mig gera en stundum finnst mér þau ósanngjörn.
- Ég á marga kunningja en ég er ekki viss um hverjir eru sannir vinir mínir.
- Ég veit að það er nauðsynlegt að ganga í skóla en hvers vegna er ekki skemmtilegra í skólanum ?
- Og svo framvegis.